

Hverfisráð Hlíða

Ár 2016, fimmtudaginn 1. september var haldinn 132. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 17.10. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður sem stýrði fundi, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir, Svala Arnardóttir, Kristján Freyr Halldórsson og Jóhanna Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi. Þá sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Sameining Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og heimahjúkrunnar. Sigprúður fór yfir þá sameiningu sem á sér stað þessa dagana.
2. Nafn á nýja frístundamiðstöð sem áður var Kampur og Frostaskjól., tilnefna fulltrúa í valnefnd á nýju nafni. Hrefna Guðmundsdóttir var tilnefnd af hverfisráði.
3. Tillaga að stefnu um frítímapjónustu. Margrét formaður sendi inn umsögn fyrir hönd hverfisráðs.
4. Göngu- og hjólabrýr yfir Miklubraut á kaflanum frá Lönguhlíð að Kringlumýrarbraut - staða máls.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir svarið. Hverfisráð óskar að auki eftir því að verða upplýst um framgang málsins og undirstrikar þörfina á því að bæta úr aðgengi gangandi og hjólandi á milli hverfishluta í Hlíðum, einkum og sérflagi á téðum kafla.

5. Fóstrun garða. Farið var yfir þau mál sem hafa komið inná borð ráðsins varðandi þetta verkefni og hafa einstaklingar sýnt nokkrum svæðum áhuga. Ráðið ætlar að hvetja og styðja þá eins mikið og nokkur er kostur.
6. Lýsing á Klambratúni. Framkvæmdastjórn falið að senda inn erindi til USK.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Klambratún hefur síðustu misseri sannað sig enn frekar sem samverustaður fjölskyldunnar og vettvangur mikillar fjölbreytni í tómstundum. Nýting svæðisins hefur aukist talsvert á síðustu árum með tilkomu leiktækja, aukins opnunartíma kaffihúss og fjölnota opinna svæða fyrir ýmsa hópa. Ljóst er að ákveðnir skikar Klambratúns geti skapað hættu sökum slæmrar lýsingar og leggur Hverfisráð til, að gefnu tilefni, að gerð verði almenn úttekt á lýsingu alls svæðisins.

7. Fundur með fulltrúum USK vegna verkefnisins “betri hverfi” Hverfisráðið ákvað að óska eftir að funda 15. september n.k. kl. 16.30.
8. Ákveða dagsetningu á fundum hverfisráðs fyrir veturinn 2016-2017. Hverfisráðið ætlar að funda þriðja hvern fimmtudag hvers mánaðar í vetur kl. 16.30.
9. Verkefni fyrir veturinn rædd.
10. Gönguljós í hverfinu: Framkvæmdastjóri er falið að senda inn erindi til USK vegna gönguljósa á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Fundi slitið kl. 18.15

Margrét M. Norðdahl

Hrefna Guðmundsdóttir
Svala Arnardóttir

Örn Þórðarson
Kristján Freyr Halldórsson